

Skýrsla stjórnar
starfsárið 2016



Mars 2017

Efnisyfirlit

INNGANGUR	3
SKIPAN STJÓRNAR	3
REKSTUR OG AFKOMA.....	3
Afkoma félagsins	3
Félagatal	3
VOTTUN	4
Vottanir starfsársins	4
Matsmenn	4
Uppskeruhátíð vottunar	4
Samningur um notkun ICB 4.....	4
Viðhorfskönnun um vottunarferil	5
UPPLÝSINGA- OG KYNNINGARMÁL.....	6
Fréttabréf og vefsvæði	6
Samfélagsmiðlar	6
Nýtt kennimerki (lógó) og nýr vefur	6
Starfsheitið verkefnastjóri	6
VIÐBURÐIR.....	7
Fyrirtækjaheimsóknir og fræðslufundir	7
Dagur verkefnastjórnunar	8
Viðurkenning fyrir lokaverkefni í MPM námi	8
Rannsóknarráðstefna IPMA.....	8
Haustráðstefnan	8
ERLENT SAMSTARF	9
Nordnet fundir.....	9
Fundir fulltrúa aðildarfélaga IPMA	9
Svæðisráðstefna Eyjaálfu	9
Ráðgjafanefnd forseta IPMA	9
Ráðstefna í Hollandi um fjölbreytileika í verkefnastjórnun.....	10
SAMANTEKT	10

INNGANGUR

Í upphafi starfsárs lá niðurstaða fyrir um endurnýjaða stefnu félagsins, hlutverk og sjálfsmynd. Kjarnahlutverk og tilgangur er **verkefni til árangurs**, eða með öðrum orðum að styðja einstaklinga og skipulagsheildir til að ná árangri í sínum viðfangsefnum með aðferðafræði verkefnastjórnunar. Til að sinna því hlutverki byggir félagið upp **þekkingarsamfélag** sem stendur á þremur lykilstoðum: í fyrsta lagi að **miðla** efni um verkefni og verkefnastjórnun, í öðru lagi með því að **votta** reynslu og þekkingu verkefnastjóra samkvæmt alþjóðlegum viðmiðum og í þriðja lagi með því að **skapa** umhverfi og aðstæður til eflingar verkefnastjórnunar á Íslandi.

Afrakstur starfsársins sýnir að félaginu hafi tekist nokkuð vel að sinna hlutverki sínu. Miðlun efnis á fræðslufundum, ráðstefnum og á rafrænum miðlum hefur verið með ágætasta móti og vottunarmál er í traustu ferli. Ýmislegt hefur og verið gert á starfsárinu til að skapa nýjar aðstæður og efla umhverfi verkefnastjórnunar eins og t.d. samstarfið við MPM námið um dag verkefnastjórnunar, nýr vefur og kennimerki félagsins ásamt aukinni þátttöku í erlendu samstarfi.

SKIPAN STJÓRNAR

Ný stjórn var kosin á aðalfundi félagsins þann 2.mars 2016. Úr stjórn gengu þau Guðrún Lilja Gunnlaugsdóttir, Steinunn Halldórsdóttir og Valgarð Thoroddsen (varamaður). Þrír nýir aðilar gáfu kost á sér í stjórn félagsins, þeir David Dominic Lynch, Hjalti Jón Kjartansson og Sigurjón Páll Kolbeins. Steinunn Halldórsdóttir, sem hafði gengið úr stjórn, gaf kost á sér sem varamaður. Öll voru þau sjálfkjörin í þau sæti sem laus voru í stjórn félagsins.

Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar þann 10. mars 2016 skipti stjórnin með sér verkum. Formaður og varaformaður höfðu sætaskipti frá síðasta starfsári þannig að Þór Hauksson var valinn formaður og Laufey Ása Bjarnadóttir varaformaður. Jóhanna Ásta Vilhjálmssdóttir var áfram ritari og Kristján Ari Úlfarsson gjaldkeri. Þá skipti stjórnin með sér öðrum hlutverkum og skyldum.

REKSTUR OG AFKOMA

Rekstur skrifstofu félagsins hefur verið með líku sniði og undan farin ár. Skrifstofuaðstaða félagsins hefur verið vel nýtt til stjórnarfunda og viðtala vegna vottunar verkefnastjóra.

Afkoma félagsins

Velta félagsins árið 2016 varð rúmar 16 milljónir króna. Tæp 68% af tekjum félagsins komu frá vottunarstarfsemi, 19% frá félagsgjöldum og 13% voru ráðstefnutekjur. Helstu kostnaðarliðir félagsins eru laun og launatengd gjöld, ráðstefnu- og fundakostnaður og skrifstofu og húsnæðiskostnaður. Þá greiða samtökin um 1.200.000 til Alþjóðasamtaka verkefnastjórnunarfélaga, IPMA, vegna félags- og vottunargjalda. Á árinu var fjárfest í nýju vefumsjónarkerfi og nam kostnaður við það tæpum 3 milljónum króna. Þá var rannsóknarverkefni í HR styrkt um kr. 500.000. Þessir sértæku liðir gerðu það að verkum að tap var á rekstri félagsins upp á rétt rúmar 2 milljónir. Gert hafði verið ráð fyrir þessu í upphafi rekstrarársins. Nýja heimasíðan mun fara í loftið fljótlega eftir aðalfund, en mikilvægt er að velja gangsetningartíma sem heppilegur er með tilliti til starfsemi félagsins. Þetta og næsta ár mun einnig verða ár mikilla fjárfestinga vegna þýðingar og innleiðingar á ICB 4.0

Félagatal

Ávallt er einhver hreyfing á félagatalinu. Alþjóðasamtök verkefnastjórnunarfélaga IPMA innheimtir skatt af hverjum greiðandi félaga. Samkvæmt IPMA talningu eru félagar í VSF 268 á móti 262 árið 2016. Hvert fyrirtæki telur skv. IPMA sem 5 greiðandi félagar. Félagar sem fá sent fréttabréf frá félaginu eru rúmlega 500. Félagafjöldinn er nokkuð stöðugur en leita þarf leiða til að fjölga félögum og breiða út mikilvægi verkefnastjórnunar.

VOTTUN

Eins og mörg undanfarin ár vottar félagið reynslu og þekkingu verkefnastjóra samkvæmt alþjóðlegum viðmiðum í samvinu við alþjóðasamtök verkefnastjórnunarfélaga, IPMA.

Vottanir starfsársins

Árið 2015 sló öll fyrri met í fjölda heildarvottana á þeim þremur vottunarstigum sem félagið stendur fyrir. Á árinu 2016 fækkaði vottunum nokkuð miðað við metárið eins og við var búist. D stigs vottun fengu 148 einstaklingar miðað við 214 árið áður, en alls hafa 1333 farið í D stigs vottun frá upphafi vottunar árið 1997.

Aðeins einn lauk B stigs vottun á árinu, en tveimur viðtölum úr haustferlinu var ólokið um s.l. áramót. C stigs vottun luku alls 13 manns og var fimm viðtölum ólokið um áramótin. Próftakar frá árinu 2016 sem eiga eftir að fara í viðtöl verða flokkaðir með þeim sem ljúka á árinu 2017. Fáir voru á tíma varðandi endurvottun, aðeins ein B stigs endurvottun var gerð og fjórar á D stigi.

Samstarf við menntastofnanir varðandi vottun er gott og vottar félagið reglulega nemendur úr MPM námi Háskólans í Reykjavík, Endurmenntun Háskóla Íslands, Símenntun hjá Háskólanum á Akureyri og APME (*Applied Project Management Expert*) náminu hjá Opna háskólanum í Reykjavík. Samningar um vottun eru á milli VSF og þessara stofnana. Reglulega koma einnig hópar frá fyrirtækjum í vottun, en það er oft á tíðum hluti af mennta- og endurmenntunarstefnu þeirra.

Matsmenn

Flestir ef ekki allir matsmenn félagsins hafa tekið þátt í vottunarferlinu, við yfirferð umsókna og prófa og viðtöl. Þar sem ICB 3 er að renna sitt skeið á enda og farið að hylla undir ICB 4 hefur endurmenntun og þjálfun matsmanna setið á hakanum. Við innleiðingu á ICB 4 verður örugglega breyting þar á. Þakka ber matsmönnum sérstaklega fyrir gott starf, en endurgjöf umsækjenda um vottunarferlið er alla jafna mjög góð.

Uppskeruhátíð vottunar

Á árinu 2016 var, eins og árið áður, reynt að hafa samband við alla IPMA B og C vottaða einstaklinga og þeim boðið til samkomu í þeim tilgangi að skapa tengsl á milli þeirra. Öllum nývottuðum er sérstaklega boðið á uppskeruhátíðina og eru afhent skírteini til þátttakenda í vottunarferli ársins. Næsta samkoma af þessu tagi verður fyrri hluta júní n.k.

Samningur um notkun ICB 4

Í september var undirritaður samningur við IPMA varðandi afnotarétt af vörum þeirra. Þ.e. ICB4, (*Individual Competence Baseline*) OCB (*Organisational Competence Baseline*) og PEB (*Project Excellence Baseline*).

Þýðing á nýjum grunnviðmiðum IPMA um hæfni verkefnastjóra (ICB4) byggir á grundvelli þessa samnings og undirbúningur að þýðingunni hófst í haust í kjölfar undirritunar. Auk þess setti félagið á laggirnar orðanefnd VSF sem mun vinna að uppfærslu á íðorðalista félagsins. Gert er ráð fyrir að þýðingin verði tiltæk seinna á árinu 2017.

Rétt er að hafa í huga að þýðingin er þó aðeins hluti af innleiðingu á nýju vottunarferli í samræmi við uppfærð hæfniviðmið verkefnastjóra. Sú innleiðing verður eitt af meginviðfangsefnum nýrrar stjórnar og hefur það viðmið verið sett að félagið verði byrjað að votta samkvæmt nýjum grunnviðmiðum ICB4 fyrir árslok 2018.

Viðhorfskönnun um vottunarferil

Í tengslum við þýðingu á nýrri útgáfu af grunnviðmiðum um hæfni verkefnastjóra leitaði félagið til þeirra sem höfðu tekið vottunarpróf á árunum 2013 til 2015 og óskaði eftir svörum við nokkrum spurningum um vottunarferilinn. Markmiðið var að fá upplýsingar um reynslu notenda af núverandi útgáfu af grunnviðmiðunum Alþjóðasambands verkefnastjórnunarfélaga (ICB3).

Rúmlega 80% töldu grunnviðmiðin hafa nýst sér vel við að undirbúa sig fyrir vottunarpróf og um 75% töldu þýðinguna vera fullnægjandi. Fjöldamargar athugasemdir um þýðingu og um vottunarferlið bárust og munu nýtast félaginu vel við að bæta fyrirkomulag vottunar og þjónustu við þá sem óska eftir vottun.

Þýðið í viðhorfskönnuninni var tæplega 600 manns. Svörun var um 50% þar af voru um 90% þeir sem þreytt hafa D- vottunarpróf sem er í samræmi við hlutfallsskiptingu þeirra sem hlotið hafa vottun.

UPPLÝSINGA- OG KYNNINGARMÁL

Miðlun upplýsinga um starfsemi félagsins er með ýmsum hætti, aðallega þó rafrænum; með fréttabréfum, auglýsingum og öðru efni tengt verkefnastjórnun.

Fréttabréf og vefsvæði

Á stjórnarárinu 2016 -2017 hafa verið send út 20 rafræn auglýsinga- og fréttabréf til félagsmanna með kynningum á fundum og viðburðum auk upplýsinga og fróðleiks sem stjórn félagsins telur að eigi erindi við félagsmenn. Félagið heldur úti vefsvæði fyrir félagið www.vsf.is . Þar má finna upplýsingar um félagið, vottunarferlið, fundi og viðburði. Félagið rekur fyrir NORDNET vefinn www.pmnordnet.org.

Samfélagsmiðlar

Frá því að síða félagsins á *Facebook* var stofnuð, hefur umferð um hana jafnt og þétt aukist. Þar hafa viðburðir félagsins verið auglýstir, ýmislegt fróðlegt efni verið sett inn ásamt því að deila viðburðum og atburðum sem tengjast verkefnastjórnun eða félaginu á einhvern hátt. Vegna almennrar og útbreiddrar notkunar miðilsins hér á landi er auðvelt að ná til stórs hóps með einföldum hætti og *Facebook* býður upp á ýmsar leiðir til að auglýsa og fylgjast með notkun og árangri einstakra innleggja.

Ljóst er að möguleikarnir eru miklir til að nýta samfélagsmiðla enn frekar til upplýsingamiðlunar um starfsemi félagsins.

Nýtt kennimerki (lógó) og nýr vefur

Eitt af því sem stjórn félagsins frá árinu á undan hafði lagt áherslu á var að endurnýja þyrfti útlit og ímynd félagsins. Því hafði verið gert ráð fyrir í drögum að rekstaráætlun að leitað yrði tilboða í nýjan vef félagsins og fá tillögur að nýju og „léttara“ kennimerki (lógói).

Stjórn félagsins þetta árið tók undir þessar áherslur og fól framkvæmdastjóra að leita tilboða í nýjan vef og um leið nýtt vefumsjónarkerfi. Tilboða var leitað um vorið og ákveðið að ganga til samninga við fyrirtækið Stefnu í september um nýja vefsíðu félagsins og vefumsýslukerfi. Vinna hófst í kjölfarið við að færa upplýsingar og gögn af núverandi vef yfir, en þetta reyndist afar seinlegt verk þar sem ekki var hægt að flytja núverandi gögn vélrænt yfir. Í lok starfsársins er þessi vinna þó mjög langt komin og vonir standa til þess að hægt verði að opna nýjan vef félagsins mjög fljótlega á nýju starfsári.

Þessu tengt var einnig leitað hugmynda og tillagna að nýju og „léttara“ kennimerki félagsins. Eftir nokkrar tillögur og umræðu í stjórn, var að lokum ákveðið að velja einfalda kennimerkið sem þegar er komið í notkun á *Facebook*, útsendu efni og víðar – og prýðir m.a. forsíðu þessarar skýrslu. Það var mat stjórnar að kennimerkið sé einfalt og tilgerðarlaust og gefur auk þess möguleika á skemmtilegum litablæbrigðum.

Starfsheitið verkefnastjóri

Frjálsleg túlkun á starfsheitinu verkefnastjóri er víða að finna og hefur félagið reynt eftir megni að vekja athygli á því. Hefur upplýsingum um starfsheitið og vottunarmál m.a. verið komið í ráðstefnugögn til mannauðsstjóra. Einnig hefur verið ámalgað við Dokkuna að félagið fái að kynna vottunarferlið á ráðstefnum eða fundum sem ætlaðir eru mannauðsstjórum.

VIÐBURÐIR

VSF stóð fyrir fjölbreyttum viðburðum á árinu. Í töflu 1 má sjá samantekt helstu viðburða félagsins á starfsárinu; fræðslufundir, fyrirtækjaheimsóknir, ráðstefnur og aðrir viðburðir sem VSF stóð fyrir eða átti aðild að.

Tafla 1 Yfirlit helstu viðburða á vegum VSF á starfsárinu

Dags	Staður	Viðburður / erindi	Framsaga / ábyrgð
22.02.2016	Engjateigur 9	Kynningarfundur um IPMA vottun verkefnastjóra.	Theodór Ottósson
2.03.2016	Engjateigur 9	Aðalfundur	Edda Björgvins, Húmor, hamingja, gleði
6.03.2016	Vegagerðin	Agile aðferðir í daglegri stjórnun	Viktor Steinarsson
29.04.2016	Háskólinn í Reykjavík	Verkefni í þágu samfélags	MPM nemar
6.05.2016	Háskólinn í Reykjavík	Dagur verkefnastjórnunar (<i>sjá nánari umfjöllun í texta</i>)	Dr. Haukur Ingi Jónasson, Íris Hrund Þórarinsdóttir, Dr. Helgi Þór Ingason, Dr. Þórður Víkingur Friðgeirsson, Sofus Clemensen, MPM nemar
15.06.2016	Engjateigur 9	Uppskeruhátíð vottunar	Dr. Haukur Ingi Jónasson lektor við HR
17.06.2016	Harpa	Afhending viðurkenningar fyrir lokaverkefni í MPM námi	Stjórn VSF og Dr. Haukur Ingi Jónasson
16.09.2016	Nauthóll	Rannsóknarráðstefna IPMA (<i>sjá nánari umfjöllun í texta</i>)	Ráðstefnustjóri Dr. Helgi Þór Ingason
5.10.2016	Hilton hótél Nordica	Haustráðstefna VSF (<i>sjá nánari umfjöllun í texta</i>)	Ýmsir
6.10.2016	Engjateigur 9	Framúrskarandi verkefnastjórnun	Erik Månsson
24.11.2016	Engjateigur 9	<i>Success factors for international projects</i>	Bob Dignen
2.12.2016	Verkfræðistofan EFLA	Stýring verkefnaskrá í vöruþróun	Ingvar S. Birgisson, Creditinfo
6.02.2017	Engjateigur 9	Kynning á vottun verkefnastjóra	Theodór Ottósson

Fyrirtækjaheimsóknir og fræðslufundir

Eins og fyrri ár var nokkuð um fyrirtækjaheimsóknir og fræðslufundi á vegum félagsins, meðal annars í samstarfi við Dokkuna. Samstarf VSF við önnur félög hefur reynst vel og gefur félagsmönnum tækifæri til að sækja fleiri viðburði, efla tengslanet sitt og breikka þekkingargrunn sinn auk þess að heyra af mismunandi verkefnum og beitingu verkefnastjórnunar í þeim.

VSF var samstarfsaðili Go Digital (áður Agile Ísland) ráðstefnunnar sem var haldin í nóvember. Go Digital heldur ráðstefnu fyrir verkefnastjóra, Scrum meistara, vörustjóra, forritara og stjórnendur.

Dagur verkefnastjórnunar

Meistaránám verkefnastjórnunar háskólans í Reykjavík (MPM námið) hefur í mörg ár haldið hálf dags ráðstefnukynningu á lokaverkefnum útskriftarnema sinna undir yfirskriftinni „Vor í verkefnastjórnun“. Í samtali stjórnar VSF og forsvarsmanna MPM námsins kviknaði sú hugmynd að vikka viðfangsefni þessa dags út í heilan dag tileinkaðan verkefnastjórnun. Seinni hluti dagsins yrði áfram tileinkaður útskriftarverkefnum MPM námsins eins og verið hefur, en fyrri hlutinn yrði opnari og almennari umfjöllun um verkefnastjórnun. Þannig fæddist fyrsti slíki *dagur verkefnastjórnunar* í maí 2016 og gafst vel þó undirbúningstími hefði verið skammur.

Aðalviðburður VSF hefur löngum verið haustráðstefnan, en með vorráðstefnu sem þessari í samstarfi við háskólasamfélagið myndast nýr flötur og ný tækifæri í viðburðum starfsársins.

Viðurkenning fyrir lokaverkefni í MPM námi

Félagið veitti í fyrsta sinn viðurkenningu fyrir lokaverkefni í meistaránámi í verkefnastjórnun við Háskólann í Reykjavík. Félagið veitti viðurkenningu fyrir það lokaverkefni sem að mati stjórnar felur í sér mest framlag til þekkingar á sviði verkefnastjórnunar, er frumlegt en hefur jafnframt hagnýtingargildi nú eða í náinni framtíð.

Viðurkenninguna 2016 hlutu þau Jón Björnsson og Þórdís Anna Gylfadóttir fyrir lokaverkefnið "Vægi verkefna í íslensku hagkerfi - samanburðarrannsókn".

Rannsóknarráðstefna IPMA

Fyrir hönd alþjóðasamtakanna, IPMA, sá skrifstofa VSF um innheimtu ráðstefnugjalda fyrir ráðstefnuna. Rannsóknarráðstefna IPMA var haldin á Íslandi í september fyrir frumkvæði Helga Þórs Ingasonar sem sæti á í ráðinu. Formaður VSF sat einnig ráðstefnuna sem fjallaði um afar áhugavert viðfangsefni innan verkefnastjórnunar sem án efa á eftir að fá aukna athygli á næstu misserum: Sjálfbærni í verkefnum (*Sustainability in Project Management*).

Haustráðstefnan

Haustráðstefna VSF var haldin 5. október 2016 frá kl. 13 til 17 í salarkynnum á Hilton Nordica hótelinu. Þema ráðstefnunnar í ár var „Fólk og verkefni“ en eins og nafnið ber með sér var áherslan á mannlega þáttinn við stjórnun verkefna. Þar sögðu framúrskarandi verkefnastjórar frá áhugaverðum verkefnum sem þeir hafa stýrt.

Undirbúningur ráðstefnunnar var í höndum ráðstefnunefndar sem var skipuð af stjórn um vorið. Nefndin tók strax til starfa og drög að dagskrá lágu fljótlega fyrir. Margar hugmyndir að fyrirlestrum komu fram og því var ákveðið að hafa tvo strauma á ráðstefnunni. Vinna við undirbúning datt aðeins niður vegna sumarleyfa og eftir sumarleyfi var þétt vinna við að klára undirbúning.

Eins og árið 2015 var boðið upp á vinnustofu fyrir hádegi á ráðstefnudaginn og sá Erik Månsson um vinnustofuna í þetta skiptið. Yfirskrift vinnustofunnar var: *Addressing culture differences in project teams to improve dialog and effectiveness. Good leaders are not born but have to develop*. Þátttaka í vinnustofunni var mjög góð og fylltust öll 20 sætin sem boðið var upp á.

Ráðstefnan hófst síðan kl. 13 og voru fyrirlestrarnir fjölbreyttir og í anda yfirskriftar ráðstefnunnar. Erindin voru bæði fræðileg og reynslusögur af verkefnum sem er lokið eða eru enn í framkvæmd. Tveir lykilfyrirlestrar voru á dagskránni sem mörkuðu upphaf og endi ráðstefnunnar. Lykilfyrirlesarar voru þau Erik Månsson og Sigríður Þormóðsdóttir. Erik Månsson er sjálfstætt starfandi ráðgjafi en hann fjallaði um mismun á tveimur brúarverkefnum og verkefnið voru skoðuð í ljósi viðmiða IPMA um afburðaverkefni, eða *Project Excellence*. Sigríður er deildarstjóri hjá *Innovasjon Norge* og fjallaði hún um umbreytingu á þeirri stofnun. Að lokinni dagskrá gafst gestum tækifæri til óformlegs skrafs

og ráðagerða yfir léttum veitingum og til þess að endurnýja kynni við fagfélaga sína eða stofna til nýrra.

Þetta var í annað skiptið sem boðið var upp á vinnustofu í tengslum við ráðstefnuna. Tókst það vel að öllu leyti þar sem þátttaka var góð og þeir sem komu voru mjög ánægðir með útkomuna. Ráðstefnan var ágætlega sótt og ekki annað að sjá en þátttakendur hefðu verið ánægðir með erindi og umgjörð.

ERLENT SAMSTARF

Erlent samstarf félagsins var með nokkuð hefðbundnum hætti á starfsárinu og að mestu tengt alþjóðasamtökum verkefnastjórnunarfélaga, IPMA, með einum eða öðrum hætti.

Nordnet fundir

Á síðasta ári fóru Svíar með forystu í NORDNET, samtök norrænu IPMA aðildarfélaganna. Ekki gafst tækifæri til þess að sækja alla NORDNET fundina, en fulltrúi Íslands sat fund samtakanna sem var haldinn samtímis fulltrúaráðsfundi IPMA í Riga í mars og fund í Stokkhólmi í desember. Þá var sótt NORDNET vinnustofa í Kaupmannhöfn þar sem fjallað var um Project Excellence líkanið. Nokkrir Skype fundir voru einnig haldnir.

Fundarefni þessara funda er fjölbreytt. Skipst er á upplýsingum um starfið í hverju landi fyrir sig, NORDNET ráðstefnurnar eru ræddar, mál sem eru á dagskrá fulltrúaráðsfunda IPMA eins og stefnumótun IPMA, vottunarmál, fjármál samtakanna, *Nordic Project Excellence*. eru þetta verulega gagnlegir fundir fyrir VSF og skapast góð og sterk tengsl á milli fulltrúanna. Innan IPMA er oft minnst á þetta samstarf Norðurlandþjóðanna og hvatt til slíkra samskipta meðal annarra nágrannþjóða.

Komið er að Noregi að fara með forystu í NORDNET á árinu 2017.

Fundir fulltrúa aðildarfélaga IPMA

Framkvæmdastjóri félagsins, Theodór Ottósson, sótti fund fulltrúaráðs IPMA í Riga í mars. Helstu mál fundarins voru að venju ýmis mál er varða rekstur samtakanna; fjármál, markaðsmál, aðild að samtökunum, fræðslumál, vottanir, heimsráðstefnan o.fl. Það er alltaf uppörvandi og nytsamlegt að hitta fulltrúa annarra IPMA landa og fræðast og skiptast á skoðunum um rekstrarmál félaganna.

Góður fundur og stofnað til nýrra tengsla sem hafa nýst vel.

Haustfundur fulltrúaráðs IPMA var haldinn í tengslum við svæðisráðstefnu ástralska verkefnastjórnunarsambandsins í Sydney í Ástralíu. David Lynch fulltrúi í stjórn sat fundinn.

Svæðisráðstefna Eyjaálfu

Sú nýbreytni er tilkomin í starfi Alþjóða verkefnastjórnunarsambandsins (IPMA) að það heldur nú heimsráðstefnu sína á tveggja ára fresti í stað árlega. Því var ekki haldin heimsráðstefna þetta árið. Aftur á móti stóð ástralska samband verkefnastjórnunarfélaga fyrir fyrstu svæðisráðstefnu Eyjaálfu tengda fulltrúaráðsfundi IPMA í október 2016. Ráðstefnan sem haldin var í Sydney stóð yfir í þrjá daga og sóttu tveir fulltrúar úr stjórn félagsins ráðstefnuna. Hana sátu um 800 manns hvaðanæva úr heiminum. Fyrirlesarar fjölluðu um það nýjasta á sviði verkefnastjórnunar og voru margir hverjir afar áhugaverðir.

Ráðgjafanefnd forseta IPMA

Steinunn Halldórsdóttir, fulltrúi úr stjórn VSF situr í sex manna ráðgjafanefnd forseta IPMA (*President's advisory group*, skammstafað PAG). Nefndin fjallar um útfærslu stefnu samtakanna og um ýmis þau málefni sem forseti samtakanna leggur fyrir hana. Nefndin fundaði fimm sinnum á síðasta ári, þar af tvisvar í tengslum við fulltrúaráðsfundi IPMA.

Ráðstefna í Hollandi um fjölbreytileika í verkefnastjórnun

Á síðasta ári tók VSF þátt í að undirbúa fyrstu alþjóðlegu ráðstefnu IPMA um fjölbreytileika í verkefnastjórnun (Diversity in Project Management) sem haldin verður 10. og 11. apríl 2017 í Hollandi. Frumkvæðið kom frá aðildarfélögum í Hollandi, Þýskalandi, og VSF sem ásamt Dönnum Svíum og fulltrúum IPMA settu á laggirnar viðburð sem gert er ráð fyrir að áhugasöm aðildarfélög IPMA skiptist á að halda með reglubundnum hætti í framtíðinni. Á fyrstu ráðstefnunni er kastljósinu beint að kyni sem einum þætti margbreytileika í verkefnastjórnun. Sjá nánar um ráðstefnuna á <http://dipm.ipma.world/>

SAMANTEKT

Starfsárið hefur heilt yfir verið fjölbreytt og starfsemi félagsins í góðu samræmi við hlutverk félagsins og framtíðarsýn. Félagið vill skapa umhverfi og aðstæður til stöðugrar framþróunar verkefnastjórnunar hér á landi, miðla efni um verkefnastjórnun og þróun faggreinarinnar ásamt því að votta reynslu og þekkingu verkefnastjóra samkvæmt alþjóðlegum viðmiðum.

Þetta er þó síður en svo einfalt viðfangsefni og stöðugt þarf að leita leiða til að gera betur. Ýmsar nýjungar í starfseminni lofa góðu eins og aukið samstarf við MPM nám á degi verkefnastjórnunar og nýr ferskur vefur til að endurnýja ímynd félagsins. En þessi nýþróun krefst líka aukinnar athygli og umtalsverðrar vinnu ef vel á að vera.

Einnig eru nýjar áskoranir framundan og umfangsmikil verkefni fyrir félagið. Þar ber auðvitað hæst fyrirhuguð þýðing á ICB4 hæfniviðmiðunum og innleiðing nýrra vottunarferla, menntun matsmanna, þýðing prófa og þar fram eftir götunum.

Ekkert af þessu væri hægt án fórnfúsrar þátttöku stjórnar og annarra sem gefa sína vinnu af þeim einskæra áhuga að auka veg og vanda verkefnastjórnunar hér á landi. Fyrir það bera að þakka og fyrir hönd stjórnar færi ég allri stjórn bestu þakkir; þeim sem ganga úr stjórn fyrir frábært samstarf og þeim sem gefa kost á sér í nýja stjórn fyrir áhugann og eljusemina.

Fyrir hönd stjórnar,
Þór Hauksson
Formaður VSF